

13. gr. 2. mgr. áfengislaga nr. 64 1930, að telja hann sek-
an um brot gegn 1. gr. nefndra laga, og með því að ekki
verður talið, að hann hafi ætlað það til sölu, ber að til-
taka refsinguna eftir 2. tölulið 27. gr. áfengislaganna.

Kærður var í lögreglurétti Reykjavíkur hinn 24. nóv.
1926 sektaður um 400 krónur fyrir ólöglega áfengissölu
og með dómi sama réttar, uppkveðnum 8. nóv. 1927
dæmdur í 600 króna sekt fyrir ólöglega áfengisbruggun,
en hefir ekki oftart sætt refsingu svo kunnugt sé. Með hlið-
sjón af því, hversu litið áfengi hér er um að ræða þykir
refsing kærðs hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkis-
sjóðs, sem greiðist innan mánaðar, en ella sæti kærði í
hennar stað einföldu fangelsi í 15 daga. Hann greiði og
allan kostnað sakarinnar. Áfengið með ilátinu skal vera
upptækt og eign ríkissjóðs.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 28. apríl 1933.

Nr. 28/1932. **Réttvísinn** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Sigfúsi Guttormssyni
(Jón Ásbjörnsson).

Brot g. 205., sbr. 2. lið 204. gr. alm. hegnl.

Dómur aukaréttar Suður-Múlasýslu 9. apríl 1932:
Ákærði, Sigfús Guttormsson, sæti fangelsi við venjulegt
fangaviðurværi í einn mánuð.

Hann greiði ennfremur allan kostnað sakarinnar þar
á meðal 25 krónur til skipaðs verjanda Eiríks Bjarna-
sonar.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt því, sem segir í forsendum hins á-
frýjaða dóms, þykir mega staðfesta hann. Eftir

Þessum málalokum verður að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Rannsókn málsins er að því leyti ófullkomin, að betur hefði mátt upplýsa um húsakynninn á heimili ákærða en gert hefir verið, og að átt hefði að reyna til að afla frekari upplýsinga um andlegan þroska barns þess, er í dóminum greinir.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigfús Guttormsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu réttvisinnar höfðað fyrir aukarétti Suður-Múlasýslu gegn ákærðum, Sigfúsi Guttormssyni, áður bónda á Dalhúsum í Eiðahreppi, nú til heimilis á Krossi í Fellnahreppi, fyrir brot á 18. kap. hegningarlaganna og eru atvik málsins þessi:

Sumarið 1929 kom hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps barninu, Ingibjörgu Ásgerði Jónsdóttur, sem er fáviti, og þá var 10 ára að aldri, fædd 5. maí 1919, fyrir á Dalhúsum í Eiðahreppi, þar sem ákærði bjó. Gerði oddviti Eskifjarðarhrepps samning við ákærða hinn 7. nóv. s. ár, þar sem ákærði tók að sér framfærslu barnsins frá 29. júlí 1929 til 29. júlí 1930 fyrir 1260 kr. meðlag á ári. Dvaldi Ingibjörg á Dalhúsum samningsárið, en að þeim

tíma liðnum var engin sérstök ráðstöfun gerð um framfærslu hennar og dvaldist hún áfram hjá ákærða óum-samið. Í sept. 1930 kom ákærði til Eskifjarðar og hitti oddvita að máli. Greiddi oddviti honum þá meðlag með barninu til septembermánaðarloka. Mun oddviti jafnframt hafa farið fram á það við ákærða, að hann hefði Ingibjörgu áfram fyrir lægra meðlag, en ákærði ekki viljað ganga inn á það. Að öðru leyti hefur framburður ákærða og oddvitans verið ósamhljóða um það, hvað þeim hafi farið á milli í þetta skipti. Kveðst oddviti hafa sagt ákærðum, að hann þyrfti að bera það undir hreppsnefndina hvort Ingibjörgu skyldi komið annarsstaðar fyrir og skyldi hann láta ákærða vita, ef svo yrði. En ákærði heldur því fram, að oddviti hafi lofað að láta sig vita um úrslitin, með næstu pósthferð.

Seint í nóvember sama haust hafði ákærður enga tilkynningu fengið frá oddvita, þessu viðkomandi, kveðst hann þá hafa farið til næstu símastöðvar og ætlað að ná tali af oddvita, en það hafi ekki tekizt og 2 dögum seinna hafi hann frétt að búið væri að koma barninu fyrir á Freyshólum í Vallahreppi og búizt því við, að barnið yrði sótt þegar minnst varði. Nokkru eftir að þeir hittust, ákærði og oddviti, kveðst oddviti hafa farið fram á það við bóndann á Freyshólum, að hann tæki Ingibjörgu fyrir 1000 króna meðlag á ári, en ekki fengið ákveðin svör frá honum fyrr en eftir hátíðir, að hann tilkynnti oddvita, að hann gæti tekið barnið, hvort heldur væri þá þegar, eða ekki fyrr en næsta vor, en ekkert varð þó úr því þá, að Ingibjörg væri tekin frá Dalhúsum.

Um hvítasunnuleytið 1930 hafði móðir Ingibjargar, sem er búsett á Eskifirði, farið kynnisför upp að Dalhúsum. Lét hún þess getið við oddvita, er hún kom heim aftur, að ekki mundi fara vel um Ingibjörgu á Dalhúsum. Var hún síðan af og til að ala á því við oddvita að taka barnið þaðan, þar til svo samdist með þeim um síðir, að hún skyldi taka barnið til sín fyrir 1000 króna meðlag á ári. Rétt á eftir var svo Ingibjörg sótt og kom heim til móður sinnar hinn 7. marz 1931.

Samkvæmt vottorði héraðslæknisins á Eskifirði, sem skoðaði Ingibjörgu hinn 10. s. m. var hún þá mjög mögur útlits; handleggir og fætur grannir, lítil fita undir húð,

hæð 140 cm., þyngd 27,9 kg., en meðalþyngd eftir aldri og hæð telur læknir eiga að vera 33 kg. Í báðum hnésbótum voru 5—6 cm. langir, 2ja cm. breiðir, harðir, grunnir marblettir, sem læknir telur líklegt að séu för eftir hönd. Fætur voru bláir (cyanatiskir) að lit, sérstaklega tær og nokkur bjúgur um ökla. Á lendum og baki hafði hún útbrot, talsvert útbreidd, með graftrarbólum sumstaðar. Hún var mjög máttlilít þurfti stuðning er hún steig í fæturnar, lá með kreppta fætur og virtist mjög hrædd, er komið var nálægt þeim.

Maður sá, sem sótti Ingibjörgu að Dalhúsum, telur hana hafa verið mjög máttfarna og hafi hún virzt mjög svöng, því hún borðaði með mikilli áfergju þann mat, sem henni var gefinn á leiðinni heim.

Hinn 4. apríl s. á. eða tæpum 4 vikum eftir að Ingibjörg kom heim, skoðaði héraðslæknirinn hana aftur. Voru þá marstrengirnir í báðum hnésbótum horfnir, útbrotin voru sömuleiðis bötnuð, en eftir bláleit ör, en engar graftrabólur. Hafði þún þyngst um 2,6 kg. og máttur hennar aukizt mikið, gat staðið stundarkorn óstudd, sömlueiðis voru allar hreyfingar, sérstaklega í hnéliðum liðlegri og hræðslan við að komið væri nálægt fótum hennar virtist horfin.

Loks hefir héraðslæknir skoðað Ingibjörgu 3. og 7. marz þ. á. og telur hann holdafar og líkamlegan þroska hennar í mjög góðu lagi, hæð 151,5 cm. og þyngd 44 kg. Telur læknir sig ekki geta fundið neitt, er bendi á varanleg mein eftir dvöl hennar á Dalhúsum.

Samningsárið 1929—1930 kveðst ákærði hafa haft vinnumann og vinnukonu, meðal annars með það fyrir augum, að barnið þyrfti sérstakrar umhirðu við, en sumarið 1930 og veturinn á eftir voru ekki aðrir heimilismenn á Dalhúsum, auk Ingibjargar, en ákærði og kona hans. Var Ingibjörg, að sögn þeirra hjóna, höfð í baðstofunni um sumarið, en er kólna tók í veðri um haustið var hún flutt út í fjós og höfð þar síðan dag og nótt, unz hún var tekin frá Dalhúsum í marzmánuði 1931. Var slegið upp rúmi fyrir hana á tröðinni í fjósinu og tjaldað í kring með striga. Pallur var fyrir framan rúmið og trébekkur til að sitja á. Í rúminu var heydýna, þar á ofan segldúksþjatla og línbrigði, yfirsæng og koddí. Hefir

ákærði, og sömuleiðis kona hans, stöðugt neitað því, að Ingibjörg hafi verið bundin í fjósinu, heldur aðeins lokuð þar inni og hafi hún getað hreyft sig um fjósið, en hún hafi mest hafzt við á pallinum fyrir framan rúmið, þegar hún ekki lá í rúminu. Dimmt virðist hafa verið í fjósinu og þungt loft, en hiti sæmilegur. Var innangengt úr bænum í fjósið gegnum stutt göng. Ljós segir ákærði, að hafi verið haft hjá Ingibjörgu á daginn, eftir að fór að skyggja, en slökkt er hún fór að sofa. Kveðst ákærði hafa tekið þetta ráð af því að enginn ofn hafi verið í baðstofunni og því afar kalt þar og eftirlitslaust hafi ekki heldur verið hægt að hafa barnið í mannahýbýlum.

Ákærði hefir stöðugt neitað því, að Ingibjörg hafi ekki fengið nóg að borða, en við rannsókn málsins hefir það komið í ljós að hún gat ekki borðað allan mat hjálparlaust og hafði það til að fleygja matnum og að þess hefir ekki ávalt verið gætt, að hún borðaði þann mat, sem fyrir hana var borinn. Hefir ákærði ekki gefið aðra skýringu á því hve mögur hún var, en að hún hafi verið lasin í nokkra daga áður en hún fór og muni þá hafa lagt eitthvað af. Ekki var þó Ingibjörgu leitað lækni- hjálpar, hvorki þá eða í annan tíma á meðan hún dvaldi á Dalhúsum.

Hvorki ákærði né kona hans hafa kannast við að þau hafi tekið eftir marblettum í hnésbótum Ingibjargar, en konan heldur því fram, að svo dimmt hafi verið í fjósinu, að hún hafi ef til vill ekki tekið eftir þeim af þeirri ástæðu, en kveðst þó hafa þvegið barninu daglega. Hinsvegar var þeim kunnugt um, að Ingibjörg hafði bjúg í fótum, sem þau telja, að stafað hafi af því, að hún var ávallt blaut í fætur og sömuleiðis vissu þau um útbrotin á baki hennar og lendum. Hefir ákærði haldið því fram, að hún hafi haft þessi útbrot er hún kom að Dalhúsum. Móðir Ingibjargar neitar því aftur á móti, að hún hafi haft nokkur útbrot, er hún fór frá henni — og hafa 2 vitni staðfest þennan framburð móðurinnar.

Kona ákærða hefir viðurkennt, að hún hafi ekki getað sýnt barninu nógu mikla nákvæmni, þar sem hún var oftast ein í bænum. Var hún vanfær um þessar mundir, ól barn í janúarmánuði, og var mjög lasburða eftir barnsburð. Hafi þetta allt dregið úr vinnukröftum sínum og

starfsþreki. Ákærði hefir og kannazt við, að ekkert vit hafi verið í að hafa barnið á Dalhúsum yfir veturinn, með þeim heimilisástandum, sem fyrir voru. Hefði t. d. þurft að setja upp ofn í baðstofuna og eins hefði hann þurft að kaupa sér aðstoð til þess að hafa umsjón með barninu, en hann hafi ekki ráðizt í þennan kostnað vegna óvissunnar um það, hvort Ingibjörg yrði áfram hjá sér eða ekki. Hefir ákærði sérstaklega fært sér það til málsbótar, að Ingibjörg hafi í raun og veru verið óumsamið og í reiðuleysi hjá sér eftir viðtal sitt við oddvita Eskifjarðarhrepps í sept. 1930. Hafi hann getað búið við að Ingibjörg yrði sótt á hverri stundu, sérstaklega eftir að hann frétti að búið væri að koma henni fyrir annarsstaðar.

Af vottorði héraðslæknisins og öðru, sem upplýst er í málinu, er það löglega sannað, að Ingibjörg var mjög mögur er hún kom frá Dalhúsum og svo máttlítil, að hún þurfti stuðning er hún steig í fætuna, að hún hafði allstóra marbletti í báðum hnésbótum, bjúg í fótum og útbrot með graftrarbólum um bak og lendar, og með hliðsjón af því, að hún virðist ekki hafa verið haldin af neinum sjúkdómi, sem þetta gæti stafað af, að hún nær sér tiltölulega mjög fljótt, þyngist um 2.6 kg. á fyrstu 3—4 vikum og grær sára sinna á sama tíma, þykir alveg vafalaust, að skortur á nægilegri fæðu, léleg aðbúð og vanhirða hafi verið orsök þessa eyrðarástands, er hún var í, er hún var tekin frá Dalhúsum og, að hún hafi í raun réttir verið að veslast upp fyrir vöntun á hinum sjálfsgöðustu lifsskilyrðum: svo sem nægilegri fæðu, ljósi og lofti. Þess ber þó að gæta, að gegn neitun ákærða er það ekki sannað, að barnið hafi, vísitandi verið svelt, heldur mun um að kenna að þess hafi ekki verið gætt sem skyldi, að hún borðaði þann mat, sem fyrir hana var borinn.

Hinsvegar verður það að teljast alveg óforsvaranleg meðferð á Ingibjörgu, að hafa hana innilokaða dag og nótt í loftlitlu og dimmu fjósi vetrarmánuðina 1930—1931, sem hún dvaldi á Dalhúsum. Ákærði hefir að visu borið það fyrir, að ekki séu einsdæmi að fávitar hafi verið hafðir í fjósum og þó rétt muni vera, að slíkt hafi áður komið fyrir á landi hér, þá er það sist til eftirbreytni og alveg óafsakanlegt að beita svo miskunarlausri meðferð við barn á aldur við Ingibjörgu.

Ákærði hefir einnig fært sér til málsbótar, að Ingibjörg hafi, í raun og veru verið óumsamið og í reiðuleysi hjá sér frá því í sept. og eigi því hreppsnefnd Eskifjarðar sök á því, hve illa tókst til; en þótt hreppsnefndin hafi sýnt litt skiljanlegt tómlæti í öllu þessu máli, bæði með því að ráðstafa ekki barninu strax og samningstími var útrunninn og eins með því að ganga ekki miklu fyrr úr skugga um hvernig henni liði á Dalhúsum, þrátt fyrir ítrekaðar umkvartanir yfir meðferðinni, þá losar þetta ekki út af fyrir sig ákærða við ábyrgð. Því honum bar, að sjálfsgöðu að tilkynna hreppsnefndinni, ef hann leit svo á, að barnið væri í reiðuleysi hjá sér, að hann gæti ekki haft það lengur, þegar hann sá fram á, að hann gat ekki látið því liða sómasamlega vegna erfiðra heimilisástæðna.

Ákærði hefir því, að áliti réttarins, með þessu athæfi gerzt brotlegur gegn 205. gr., sbr. 2. lið 204. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869. En með því, að heimilisástæður ákærða voru mjög erfiðar um þessa mundir, þar sem ekki var annað heimilismanna, en þau hjónin og konan vanfær og lasburða og með hliðsjón af því, að mjög ógreinilega var gengið frá samningum við ákærða í sept. 1930, þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 1 mánuð.

Ennfremur greiði ákærður allan kostnað sakarinnar, þar með talið 25 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda Eiríks Bjarnasonar.

Rekstur málsins hér fyrir réttinum hefir verið víta-laus.

Föstudaginn 28. apríl 1933.

Nr. 56/1932. **Hulda Þorsteinsson**

gegn

Einari Kr. Guðmundssyni

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hulda Þorsteinsson, er eigi mætir í